



Árgangur

8. bekkur.

Markmið

Sjá *Aðalnámskrá grunnskóla: Íslenska 2007*.

Inntak náms

Inntak er í samræmi við Aðalnámskrá grunnskóla. Á þessu aldurstigi er megináhersla lögð á lestur, hlustun og tjáningu á mæltu og rituðu máli. Helstu efnisþættir eru:

Lestur og bókmenntir

Íslendingasaga, ein eða fleiri skáldsögur, smásögur, þjóðsögur, ljóð og nytjatextar. Hugtök: Smásaga, skáldsaga, þjóðsaga, umhverfi, innri og ytri tími, persónulýsingar, aðal- og aukapersónur, boðskapur, hlutlægni, huglægni, útdráttur, laust mál og bundið mál, hefðbundin ljóð og óhefðbundin, ljóðstafir og rím. Nemendur styðjast við orðabækur og heimildir.

Ritun

Fjölbreytt ritunarverkefni. Helstu orðsifjar og ritreglur. Orðabækur notaðar við að stafsetja og nota orð og orðasambönd rétt.

Málfræði

Áhersla á uppruna orða og skyldleika, orð af orði. Áhersla á fallorðaflokkana og beygingar fallorða

Hugtök: Atkvæði, stafróf, sérhljóði, samhljóði, fallorðaflokkar, orðabókarmynd, orðmyndun, samsett orð, tökuorð og nýyrði, sértæk og víðtæk orð, líkingarorð, huglæg og hlutlæg orð, andheiti og samheiti, málshættir, orðtök, orðasambönd.

Talað mál og framsögn

Lestur af ýmsu tagi, flutningur og framsögn.

Hlustun og áhorf

Leikrit og kvikmyndir.

Námsgögn

Laxdæla 1995. Námsgagnastofnun, Reykjavík.

Brynhildur Þórarinsdóttir. *Laxdæla*. 2006. Mál og menning, Reykjavík.

Olga Guðrún Árnadóttir. 1995. *Peð á plánetunni jörð*. Mál og menning, Reykjavík.

Magnús Jón Árnason. 1984. *Orðhákur I*. Námsgagnastofnun, Reykjavík.

Þórunn Blöndal. 1994. *Mályrkja I*. Námsgagnastofnun, Reykjavík.

Skáldsögur og annað lesefni að eigin vali og í samráði við kennara.

Guðbjörg Grímsdóttir, Guðbjörg Dóra Sverrisdóttir og Kristjana Hallgrímsdóttir.

Skerpa. 2008. Forlagið, Reykjavík.

Magnús Jón Árnason. *Fallorð*. Námsgagnastofnun, Reykjavík.

Svanhildur Kr. Sverrisdóttir. 2003. *Skrifinnur*. Námsgagnastofnun, Reykjavík.

Svanhildur Kr. Sverrisdóttir. 2003. *Málfinnur*. Námsgagnastofnun, Reykjavík.

Svanhildur Kr. Höskuldsdóttir. 2005. *Finnur I*. Námsgagnastofnun, Reykjavík.

Þjóðsögur „*Baulaðu nú...*“ 2008. Skólavefurinn ehf. Reykjavík

Kennsluskrá Ölduselsskóla

Kennsluskipan

Hverri önn er skipt í lotur með þeim hætti að áhersla er lögð á einhvern ákveðinn þátt íslenskunnar í tvær til sex vikur í senn. Vinnuaðferðir lagaðar að einstaklingsþörfum nemenda. Einstaklingsvinna, paravinna, hópvinna. Sérhverri lotu lýkur með könnun, ritun, vinnubókaskilum eða munnlegum flutningi þess efnis sem til umfjöllunar var.

Allir lesa eina Íslendingasögu, eina nútímasögu minnst auka annarra sagna eftir getu hvers og eins, smásögur, þjóðsögur og brot úr bókmenntaverkum. Ýmis ritunar- og lesskilningsverkefni unnin úr lesefninu. Munnleg og skrifleg tjáning.

Stafsetning er kennd út frá helstu stafsetningarreglum og orðmyndunarfræði. Stuðst er við kennsluaðferðir Baldurs Sigurðssonar.

Málfræði og málnotkun eru kennd með verkefnum tengdum ýmiss konar bókmennta og dægurmálatextum auk hefðbundinna verkefnabóka. Á þessu stigi er aðaláhersla á orðaforða, málskilning og beygingu fallorða.

Talað mál, framsögn, hlustun og áhorf, er þjálfað með upplestri, hlustun, gagnrýni og skoðanaskiptum..

Yfirmarkmið allrar íslenskukennslu er að gera nemendur að betri málnotendum.

Áhersla er ávallt lögð á sjálfstæð vinnubrögð, að nemendur verði sjálfbjarga við notkun orðabóka og annarra handbóka, notkun tölvuforrita, Netsins og bókasafns.

Heimanám er þáttur í náminu og hluti af því að árangur náist.

Námsmat

Árangur er metinn með símati á verkefnum og prófi í lok hverrar lotu.

Námsmat er tvíþætt: Prófseinkunn og vinnueinkunn.

Prófseinkunn er vegið meðaltal einkunna frá hausti. Við lok haustannar er reiknað meðaltal prófa sem þá hafa verið tekin. Við lok miðannar er reiknað meðaltal allra prófa frá hausti og meðaltal þeirra færst sem prófseinkunn. Að vori er lagt fyrir próf úr öllu námsefni vetrarins og gildir það próf 50% á móti öllum öðrum prófum sem tekin hafa verið frá hausti.

Vinnueinkunn er safneinkunn líkt og prófseinkunn. Vinnueinkunn er skipt í fjóra þætti:

Próf og kannanir 35%, ritunarverkefni 20%, önnur verkefni 25%, ástundun 20%.

Vinnueinkunn í lok haustannar er meðaltal þeirra þátta sem þá hafa verið teknir til mats og það sama gildir á miðönn og vorönn.

Árgangur

9. bekkur.

Markmið

Sjá *Aðalnámskrá grunnskóla: Íslenska 2007*.

Inntak náms

Inntak er í samræmi við Aðalnámskrá grunnskóla. Áhersla er enn sem fyrr lögð á lestur, hlustun og tjáningu en vægi málfræði eykst. Helstu efnisþættir eru:

Lestur og bókmenntir

Smásögur, skáldsögur og þjóðsögur, eitt verk úr íslenskum fornbókmenntum, ljóð og ýmis annar texti. Hugtök: Smásaga, skáldsaga, Íslendingasaga, leikrit, ljóð, tími, umhverfi, sjónarhorn, stíll, stílbragð, boðskapur, aðal- og aukapersónur, ris, myndmál, hefðbundið og óhefðbundið ljóðform, rím og ljóðstafir, braglína, hrynjandi, endurtekningar og andstæður.

Ritun

Fjölbreytt ritunarverkefni. Helstu orðsifja- og ritreglur ásamt greinarmerkjasetningu.

Málfræði

Áhersla á uppruna orða, skyldleika þeirra og orðflokkagreiningu.

Hugtök: Fallorð og beygingafræði fallorða, sagnorð, sagnbeygingar og smáorð (óbeygjanleg orð). Orðmyndunarfræði – orð af orði. Málsgrein, setning, efnisgrein og bein og óbein ræða. Víðtæk/sértæk orð, andheiti, samheiti, margræð, orð, hlutstæð/óhlutstæð orð, erfðaorð, nýyrði, tökuorð, gildishlaðin orð, málshættir og orðtök.

Talað mál og framsögn

Lestur og flutningur á margs konar texta og kynningar á verkum.

Hlustun og áhorf

Upplstur og flutningur efnis, kynningar af ýmsu tagi. Leikrit og kvikmyndir.

Námsgögn.

Kolbrún Sigurðardóttir o. fl. *Ljóðspeglar*. 1989. Námsgagnastofnun, Reykjavík.

Hrafnkels saga Freysgoða. 2000. Iðnú, Reykjavík.

Skáldsögur og annað lesefni.

Magnús Jón Arnason. 1988. *Orðhákur 2*. Námsgagnastofnun, Reykjavík.

Þórunn Blöndal. *Mályrkja II*. Námsgagnastofnun, Reykjavík.

Svanhildur Kr. Sverrisdóttir. *Málfinnur*. 2001. Námsgagnastofnun, Reykjavík.

Svanhildur Kr. Sverrisdóttir. *Finnur II*. Verkefni í málfræði og stafsetningu.

Námsgagnastofnun, Reykjavík.

Svanhildur Kr. Sverrisdóttir. *Skrifinnur*. 2003. Námsgagnastofnun, Reykjavík.

Þjóðsögur „Ég átti að verða prestkona“. 2008. Skólavefurinn ehf. Reykjavík.

Kennsluskipan

Hverri önn er skipt í lotur með þeim hætti að áhersla er lögð á einhvern ákveðinn þátt íslenskunnar í 2-6 vikur í senn. Þó er um heildstæða móðurmálskennslu að ræða.

Vinnuaðferðir lagaðar að einstaklingsþörfum nemenda. Einstaklingsvinna, paravinna, hópvinna og þemavinna. Sérhverri lotu lýkur með könnun, ritun, vinnubókarskilum eða munnlegum flutningi þess efnis sem til umfjöllunar var.

Allir lesa eina Íslendingasögu, minnst eina nútímasögu auk annarra sagna eftir getu hvers og eins, þjóðsögur og brot úr bókmenntaverkum. Áhersla er lögð á ljóð og

Ijóðaumfjöllun. Fjallað er um bókmenntir út frá sögulegu, bókmenntalegu og þjóðfélagslegu samhengi og ýmis verkefni unnin.

Stafsetning er kennd út frá helstu stafsetningarreglum og orðmyndunarfræði. Stuðst er við kennsluaðferð Baldurs Sigurðssonar.

Málfræði og málnotkun er kennd með verkefnum tengdum ýmiss konar bókmenntum og dægurmálatextum, auk hefðbundinna verkefnabóka. Á þessu stigi er aukin áhersla á formlega málfræðikennslu og hugtakanotkun í málfræði.

Talað mál, framsögn, hlustun og áhorf er þjálfað með upplestri, hlustun, gagnrýni og skoðanaskiptum.

Yfirmarkmið allrar íslenskukennslu er að gera nemendur að betri málnotendum.

Áhersla er ávallt lögð á sjálfstæð vinnubrögð, að nemendur verði sjálfbjarga við notkun orðabóka og annarra handbóka, notkun tölvuforrita, Netsins og bókasafns.

Heimanám er þáttur í náminu og hluti af því að árangur náist.

Námsmat

Árangur er metinn með símati á verkefnum og prófi í lok hverrar lotu.

Námsmat er tvíþætt: Prófseinkunn og vinnueinkunn.

Prófseinkunn er vegið meðaltal einkunna frá hausti. Við lok haustannar er reiknað meðaltal prófa sem þá hafa verið tekin. Við lok miðannar er reiknað meðaltal allra prófa frá hausti og meðaltal þeirra færð sem prófseinkunn. Að vori er lagt fyrir próf úr öllu námsefni vetrarins og gildir það próf 50% á móti öllum öðrum prófum sem tekin hafa verið frá hausti.

Vinnueinkunn er safneinkunn líkt og prófseinkunn. Vinnueinkunn er skipt í fjóra þætti: próf og kannanir 35%, ritunarverkefni 20%, önnur verkefni 25 %, ástundun 20%.

Vinnueinkunn í lok haustannar er meðaltal þeirra þátta sem þá hafa verið teknir til mats og það sama gildir á miðönn og vorönn.

Árgangur

10. bekkur.

Markmið

Sjá *Aðalnámskrá grunnskóla, íslenska*.

Áfangamarkmið við lok 10. bekkjar.

Inntak náms

Inntak er í samræmi við aðalnámskrá grunnskóla. Í lok 10. bekkjar eiga nemendur að hafa náð þeim áfangamarkmiðum sem tilgreind eru í Aðalnámskránni. Helstu efnisþættir eru.

Lestur og bókmenntir

Eitt verk úr íslenskum fornþekkingum og ein nútímaskáldsaga. Smásögur, þjóðsögur og ljóð og annars konar textar, myndmál og kvikmyndir tengdar bókmenntum. Bókmenntahugtök: smásaga, þjóðsaga, skáldsaga, fornsögur, leikrit, ljóð, tími, umhverfi, flétta, ris, sjónarhorn, stíll, stílbragð, boðskapur, aðal- og aukapersónur, myndmál, vísanir, tákn, endurtekningar, andstæður, hefðbundið/óhefðbundið ljóðform, rím og ljóðstafir, braglína og hrynjandi.

Ritun.

Fjölbreytt ritunarverkefni. Helstu orðsifja- og ritreglur ásamt greinarmerkjasetningu.

Málfræði

Upprifjun á málfræði 8. og 9. bekkja. Orðmyndunarfræði, orð af orði og hljóðbreytingar, mismunandi framburðareinkenni og grunnhugtök setningafræði. Málsnið, gott mál/slæmt mál, formlegt og óformlegt mál.

Talað mál og framsögn

Lestur og flutningur á margs konar texta. Kynningar verkefna í máli og myndum.

Hlustun og áhorf

Hlustun, upplestur og flutningur efnis, kynningar af ýmsu tagi, leikrit og kvikmyndir

Námsgögn.

Gísla saga Súrssonar. 1991. IÐNÚ, Reykjavík.

Einar Már Guðmundsson. *Englar alheimsins*. Mál og menning, Reykjavík..

Ragnar Ingi Aðalsteinsson. 1999. *Ljóð í tíunda*. IÐNÚ, Reykjavík.

Uglan, Álkan og Fálkinn, þrjú hefti tekin saman af Önnu Kristínu Þórðardóttur og Bryndísi H. Bjartmarsdóttur.

Ýmis fjölrítuð verkefni.

Orðabækur og handbækur af ýmsu tagi ásamt tölvuforritum.

Höskuldur Þráinsson og Silja Aðalsteinsdóttir. 1998. *Mályrkja III*. Námsgagnastofnun, Reykjavík

Svanhildur Kr. Sverrisdóttir. 2003. *Finnur III*, verkefnabók. Námsgagnastofnun, Reykjavík.

Svanhildur Kr. Sverrisdóttir. 2001. *Málfinnur*. Námsgagnastofnun, Reykjavík.

Svanhildur Kr. Sverrisdóttir. 2003. *Skrifinnur*. Námsgagnastofnun, Reykjavík.

Höskuldur Þráinsson. 1995. *Handbók um málfræði*. Námsgagnastofnun, Reykjavík.

Kennsluskrá Ölduselsskóla

2009 - 2010

Þjóðsögur „*Þá hló Marbendill*“. Skólavefurinn ehf. 2008

Kennsluskipan

Hverri önn er skipt í lotur með þeim hætti að áhersla er lögð á einhvern ákveðinn þátt íslenskunnar í 2-6 vikur í senn. Þó er um heildstæða móðurmálskennslu að ræða. Vinnuaðferðir lagaðar að einstaklingsþörfum nemenda. Einstaklingsvinna, paravinna, hópvinna og þemavinna. Sérhverri lotu lýkur ýmist með könnun, ritun, verkefnaskilum eða flutningi þess efnis sem til umfjöllunar var.

Áhersla er lögð á að rifja upp og auka færni nemenda í því sem búið er að leggja grunninn að frá upphafi skólagöngu. Viðbót er m.a. fólgin í kennslu í undirstöðuatriðum í bragfræði og orðmyndunarfræði og aukinni þjálfun í meðferð talaðs og ritaðs máls. Ritun, framsögn og bókmenntir eru því stór þáttur námsins. Því eru nemendur þjálfaðir í ritun mismunandi textagerðar allt frá sendibréfum til bókmenntaritgerða og flutningi eigin texta og annarra. Í bókmenntum eru nemendum kynntar ólíkar tegundir bókmennta frá ólíkum tímum.

Stafsetningarkennsla í 10. bekk er að mestu leyti felld inn í ritunarpáttinn og er nemendum kennt að nota kennslugögn, svo sem stafsetningarforrit og orðabækur. Áhersla er lögð á sjálfstæð vinnubrögð í öllum þáttum námsins.

Yfirmarkmið allrar íslenskukennslu er að gera nemendur að betri málnotendum.

Áhersla er ávallt lögð á sjálfstæð vinnubrögð, að nemendur verði sjálfbjarga við notkun orðabóka og annarra handbóka, notkun tölvuforrita, Netsins og bókasafns. Heimanám er þáttur í náminu og hluti af því að árangur náist.

Námsmat

Árangur er metinn með símati á verkefnum og prófi í lok hverrar lotu.

Námsmat er tvíþætt: Prófseinkunn og vinnueinkunn.

Prófseinkunn er vegið meðaltal einkunna frá hausti. Við lok haustannar er reiknað meðaltal prófa sem þá hafa verið tekin. Við lok miðannar er reiknað meðaltal allra prófa frá hausti og meðaltal þeirra færð sem prófseinkunn. Að vori er lagt fyrir próf úr öllu námsefni vetrarins og gildir það próf 50% á móti öllum öðrum prófum sem tekin hafa verið frá hausti.

Vinnueinkunn er safneinkunn líkt og prófseinkunn. Vinnueinkunn er skipt í fjóra þætti: próf og kannanir 35%, ritunarverkefni 20%, önnur verkefni 25 %, ástundun 20%.

Vinnueinkunn í lok haustannar er meðaltal þeirra þátta sem þá hafa verið teknir til mats og það sama gildir á miðönn og vorönn.